

Þar, sem vegir þessir liggja um þau svæði, sem umferð er takmörkuð um, er **134** frjálst að fara um veginn, en hvorki má farartæki né maður staðnæmast þar né 10. ágúst dvelja.

Íslenzkar flugvélar mega ekki fljúga yfir áður greind svæði, sem umferð er takmörkuð um, og eigi nær þeim en í 24 km fjarlægð.

Uppdráttur af bannsvæðinu er birtur í 23. tbl. Lögbirtingablaðsins 1942.

**Auglýsing frá ríkisstjórninni, birt í 45. tbl. Lögbirtingablaðsins 1942, sbr. tilk. í 42. tbl., um skemmdir á skipum af völdum brezkra herskipa og tilkynningu um þær.**

135

18. ágúst

Brezka flotastjórnin hefur tilkynnt ríkisstjórninni, að þegar íslenzkt skip eða hafnarmannvirki verða fyrir skemmdum af völdum brezkra herskipa, þá sé nauðsynlegt, vegna væntanlegra skaðabóta, að tilkynning um tjónið sé tafarlaust send

1. til næsta brezks sjóhernaðaryfirvalds, þegar íslenzkt skip hefur orðið fyrir skemmdum;
2. til næsta brezks hernaðaryfirvalds (naval or military) þegar hafnarmannvirki hafa orðið fyrir skemmdum;
3. og að fulltrúa hlutaðeigandi hernaðaryfirvalds verði veitt tækifæri til að athuga tjónið.

**Auglýsing frá ríkisstjórninni, birt í 45. tbl. Lögbirtingablaðsins 1942, um bann hernaðaryfirvaldanna gegn ljósmyndatöku.**

136

18. ágúst

Herstjórn Bandaríkjanna hefur bannað ljósmyndatökur á Gróttu við Reykjavík og í Hvalfirði, einnig á öllum flugvöllum, flugvélastýlum, fallbyssustæðum, loftvarnarbyssustæðum, strandvarnarbyssustæðum, höfnum og hafnarmannvirkjum. Einnig er bannað að ljósmynda flugvélar, herstöðvar og herskip.

**Auglýsing frá dómsmálaráðuneytinu, birt í 49. tbl. Lögbirtingablaðsins 1942, um bann við því að eiga kaup eða skipti á vörum við hermenn.**

137

11. sept.

Athygli almennings er hér með vakin á eftirfarandi:

1) Það varðar sektum eða varðhaldi eða hvoru tveggja, að eiga kaup eða skipti um vörur, sem hermenn, sem tilheyra herflokkum eða herskipum, sem hér eru, bjóða fram eða þeir hafa undir höndum, og að taka við slíkum vörum að gjöf frá þeim, svo og að taka að sér að selja slíkar vörur fyrir þá, enda liggi ekki fyrir, er viðskiptin fara fram eða gjöfin þegin, fullar sannanir fyrir því, að aðflutningsgjöld hafi verið greidd af vörunum og fullnægt hafi verið öðrum almennum innflutningsskilyrðum, sbr. 1. gr. laga nr. 13 5. maí 1941. Auk þess mega þeir, er taka við slíkum vörum, búast við að þurfa að afhenda þær aftur endurgjaldslaust.